



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 12. janúar 2026

Efni: Umsögn umboðsmanns barna um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd

Vísað er í samskipti umboðsmanns barna og mennta- og barnamálaráðuneytisins, sbr. bréf umboðsmanns, dags. 5. desember sl. og svar ráðuneytisins, dags. 12. desember sl., varðandi umsögn um drög að nýjum heildarlögum um barnavernd, sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 13. nóvember sl. Þakkar embættið fyrir veittan frest til þess að skila umsögn um málið. Umboðsmaður barna fagnar jafnframt því sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins um að mat á áhrifum á börnum hafi legið til grundvallar ákvarðanatöku um þær tillögur sem frumvarpið felur í sér, en ráðuneytið benti á að ekki hafi gefist ráðrúm til að ljúka við umfjöllun um matið í frumvarpsdrögunum sjálfum fyrir birtingu þeirra. Bendir umboðsmaður á að mikilvægt er að sérstök umfjöllum komi fram varðandi mat á áhrifum á börn í því frumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi.

Umboðsmaður barna telur að frumvarpsdrögin feli í sér ýmsar jákvæðar breytingar sem miða að því að styrkja réttindi barna innan barnaverndarkerfisins, t.a.m. rétt þeirra til þátttöku í barnaverndarmálum og að sérstaklega sé kveðið á um rétt barna sem vistuð eru í vistunarúræðum til aðgangs að viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Umboðsmaður barna hefur engu að síður áhyggjur af þeim stefnu- og áherslubreytingum sem birtast í frumvarpsdrögunum og telur að verði frumvarpið að lögum, myndu þau að mörgu leyti leiða til lakari réttarverndar barna og foreldra innan barnaverndarkerfisins. Umboðsmaður leggur því til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til neðangreindra atriða og lýsir sig reiðubúinn til frekara samtals um einstök efnisatriði umsagnarinnar, telji ráðuneytið þörf á því.

Umboðsmaður barna gerir athugasemdir við eftirfarandi þætti frumvarpsins:

1. Markmiðsákvæði 1. gr.

Í núgildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002 er fyrri málslíður markmiðsákvæðis 1. mgr. 2. gr. svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Í fyrri málslið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar kemur fram að:

Markmið [laganna sé] að tryggja börnum, sem búa við óviðunandi aðstæður eða stefna heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu, stuðning, umönnun og vernd. Þá er lögunum ætlað að stuðla að því að öll börn geti alist upp í öruggu og þroskavænlegu umhverfi.

Með þeirri orðalagsbreytingu sem lögð er til í frumvarpinu fær umboðsmaður barna ekki annað séð en að hér verði um að ræða efnislega stefnubreytingu af hálfu löggjafans. Almennt er viðurkennt að markmiðsákvæði laga séu ekki einungis stefnufirlýsingar heldur geti haft verulegt vægi við túlkun annarra lagakvæða, einkum þegar ákvæði eru matskennd eða veita stjórnvöldum rúmt svigrúm til ákvarðanatöku.

Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum ber við túlkun laga m.a. að líta til markmiðs laganna þar sem slík ákvæði geta varpað ljósi á vilja löggjafans og þannig haft áhrif á inntak og mörk valdheimilda stjórnvalda. Hafa dómstólar ítrekað byggt á því að tilgangur laga skipti máli við skýringu þeirra, einkum þegar um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða. Því almennara og matskenndara sem lagaákvæði er, því meiri líkur eru á að markmiðsskýring geti haft áhrif við túlkun þess.¹

Umboðsmaður barna gerir því athugasemdir við að markmiðsákvæði barnaverndarlaga verði orðað með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að mati umboðsmanns getur markmið barnaverndarlaga í eðli sínu ekki verið annað en að vernda einstök börn, enda er það meginhlutverk barnaverndarkerfisins. Önnur kerfi ríkisins, svo sem löggæsla og refsivörslukerfið, hafa það hlutverk að vernda almenning og bregðast við refsiverðri háttsemi. Með því orðalagi sem lagt er til í frumvarpinu er hætta á að barnaverndarkerfið verði fært nær þeim kerfum, einkum þegar um sakhæf börn er að ræða, en þau úrræði sem heimilt er að beita á grundvelli laga um barnavernd geta að mati umboðsmanns eingöngu verið í þeim tilgangi að vernda barnið sjálft, ekki aðra. Er það sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að lögin heimila beitingu mjög íþyngjandi úrræða, svo sem þeirra vistunar- og þvingunarúrræða sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Í íslenskum rétti er viðurkennt að þegar lög heimila beitingu íþyngjandi úrræða, svo sem þvingunarráðstafana, verði markmið laganna að vera skýr og afmörkuð, enda hefur slíkt áhrif á meðalhóf og lögmætisreglu stjórnsýsluréttar. Ef markmiðsákvæði er orðað of vítt eða óljóst getur það haft áhrif á túlkun annarra ákvæða og leitt til rýmri beitingar valdheimilda en áður var gert ráð fyrir. Vísast í þessu sambandi til sérstakrar umfjöllunar og athugasemda umboðsmanns barna hér neðar hvað varðar þau þvingunarúrræði sem kveðið er á um í frumvarpinu, þar sem að mati umboðsmanns eru lagðar fram of almennar og matskenndar valdheimildir.

Bendir umboðsmaður jafnframt á að barnaverndarkerfið hér á landi hefur að miklu leyti verið byggt upp að norskri fyrirmynd. Í því sambandi er athyglisvert að líta til markmiðsákvæðis norsku barnaverndarlaganna, þar sem áherslan er á hagsmuni barnsins sjálfs, en ekki á vernd annarra samfélagshagsmuna. Ákvæði norsku laganna er orðað með eftirfarandi hætti:

¹ Róbert Spanó. Túlkun lagaákvæða. 2007.

Loven skal sikre at barn og unge som lever under forhold som kan skade deres helse og udvikling, får nødvendig hjælp, omsorg og beskyttelse til rett tid. Loven skal bidrage til at barn og unge møtes med trykthet, kjærlighet og forståelse.

Loven skal bidrage til at barn og unge får gode og trygge oppvekstvilkår.²

Í markmiðsákvæði frumvarpsins virðist enn fremur dregið úr því sjónarmiði, sem ávallt hefur verið ríkjandi í barnaverndarstarfi, að lögunum sé ætlað það meginhlutverk að styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu og að úrræðum á grundvelli laganna sé fyrst og fremst beitt í því skyni, áður en öðrum og meira íþyngjandi úrræðum er beitt. Í seinni málslíð 1. mgr. 2. gr. nógildandi bvl. kemur fram að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í 2. mgr. 1. gr. fyrirleggjandi frumvarps hefur því orðalagi verið breytt og er þar kveðið á um að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styðja börn og fjölskyldur þeirra með beitingu viðeigandi úrræða, eftir því sem þörf krefur. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að í lögum um barnavernd komi hið fyrrgreinda sjónarmið fram með skýrum hætti, enda er það grundvallarsjónarmið í íslenskum barnarétti að það sé fyrst og fremst skylda foreldra að annast uppeldi barna sinna og tryggja velferð þeirra. Vísast hér einnig til umfjöllunar um málsmeðferðarreglur þar sem sérstaklega er fjallað um meðalhóf.

Að mati umboðsmanns barna endurspegla þær áherslubreytingar sem birtast í markmiðsákvæði frumvarpsins ekki þau grundvallarsjónarmið sem hingað til hafa mótað barnaverndarlöggjöf hér á landi. Telur embættið að þær áherslubreytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu geti verið vafasamar, í ljósi þess sem rakið hefur verið um þýðingu markmiðsákvæða laga og áhrif þeirra á túlkun annarra ákvæða, stjórnsýslufrákvæmd og jafnvel dómafrákvæmd. Umboðsmaður barna leggur því til að markmiðsákvæði laganna verði orðað með sambærilegum hætti og í nógildandi barnaverndarlögum, í samræmi við þau norsku.

2. Málsmeðferð barnaverndarmála

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fallið verði frá því að kveða sérstaklega á um reglur um skráningu mála, leiðbeiningarskyldu, rannsókn, upplýsingaskyldu og andmælarétt í barnaverndarlögum, en þess í stað vísað almennt til málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er tilgangur þessarar breytingar sá að eyða réttaróvissu sem skapast hafi þar sem orðalag stjórnsýslulaga og barnaverndarlaga hafi ekki ávallt farið saman.

Umboðsmaður barna telur þessa nálgun varhugaverða og mælist til þess að ráðuneytið endurskoði þessa útfærslu. Stjórnsýslulög fela í sér almennar lágmarksreglur um málsmeðferð sem ætlað er að gilda þvert á stjórnsýsluna. Löggjafinn hefur þó oft á tíðum séð tilefni til þess

² Barnavernsloven. 1. gr. LOV-2025-06-20-39.

Ákvæði norsku laganna í enskri þýðingu: The purpose of the Act is to ensure that children and young people who live in conditions that may be detrimental to their health and development receive the necessary assistance, care and protection at the right time. The Act is intended to help ensure that children and young people are met with security, love and understanding. The Act is also intended to help ensure that children and young people grow up in a good, secure environment

að setja sértækari og strangari reglur í sérlægum, líkt og gert hefur verið í núgildandi barnaverndarlögum. Er þar um að ræða eðlilega útfærslu málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga í ljósi sérstöðu málaflokksins og í ljósi þess að aðilar barnaverndarmála eru oft í veikri stöðu gagnvart stjórnvöldum. Þegar stjórnsýslumál varða mikilvæg eða viðkvæm réttindi einstaklinga líkt og á við um barnaverndarmál, og þegar lög veita heimildir til íþyngjandi ákvarðana er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til málsmeðferðar.³ Barnaverndarmál varða grundvallarréttindi barna og foreldra sem vernduð eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 8. gr., og ákvæðum Barnasáttmálans og geta leitt til mjög íþyngjandi ákvarðana og inngripa í líf barna og friðhelgi.

Í núgildandi barnaverndarlögum hefur löggjafinn tekið mið af þessum sjónarmiðum, gefið málsmeðferðarreglum aukið vægi og skilgreint þær nánar með tilliti til vinnslu barnaverndarmála. Telur umboðsmaður barna að farsælla væri að sú leið væri einnig farin með nýjum lögum.

Að mati umboðsmanns barna er ekki hægt að líta svo á að slík útfærsla leiði sjálfkrafa til réttaróvissu. Þvert á móti geta skýrari og ítarlegri reglur í sérlægum aukið fyrirsjáanleika og réttaröryggi aðila, enda liggi þá betur fyrir hvaða kröfur séu gerðar til stjórnvalda við meðferð einstakra málaflokka. Réttaróvissa skapast mun frekar þegar stjórnvöldum eru veittar of víðtækar heimildir til mats án skýrra lagaákvæða sem afmarka beitingu valdheimilda þeirra.

Þá er einnig í drögunum gert ráð fyrir nokkrum áherslubreytingum hvað varðar meginreglur barnaverndarstarfs og skyldur barnaverndaryfirvalda. Fram kemur í 7. mgr. 4. gr. núgildandi barnaverndarlaga um meginreglur barnaverndarstarfs, að barnaverndaryfirvöld skuli gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Í 6. gr. fyrirbyggjandi frumvarps um skyldur barnaverndaryfirvalda koma slík sjónarmið ekki fram og sætir það furðu að mati umboðsmanns að fallið sé frá því að orða sérstaklega í barnaverndarlögum hvernig meðalhófs skuli gætt. Að mati umboðsmanns er varhugavert að draga úr þeim kröfum sem áður hafa verið gerðar til barnaverndaryfirvalda hvað þetta varðar, en almennt hafa ríkari kröfur gilt um meðalhóf og rannsókn mála þegar kemur að barnaverndarmálum, sbr. það sem að framan er rakið.

Með vísan til framangreinds telur umboðsmaður barna að ekki sé rétt að fella brott sértækar málsmeðferðarreglur barnaverndarlaga og vísa einungis til stjórnsýslulaga.

3. VI. kafli. Réttindi og skyldur í vistunarúrræðum - þvingun

Umboðsmaður barna telur alvarlegt að í frumvarpi þessu sé lagt til að leggja niður bann við beitingu þvingunar sem kveðið er á um í 82. gr. núgildandi barnaverndarlaga. Þessi breyting myndi veikja verulega réttarstöðu barna sem vistuð eru í vistunarúrræðum. Þá eru lagðar fram of almennar og matskenndar heimildir til beitingar þvingana gagnvart börnum í vistunarúrræðum. Hér þarf að líta til þess að af stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum leiðir að ekki er heimilt að beita einstaklinga þvingunum eða takmarka réttindi þeirra sem vernduð eru af ákvæðum stjórnarskrár nema á grundvelli skýrrar heimildar í lögum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða inngrip gagnvart persónuréttindum er varða líf og frelsi viðkvæms hóps líkt og barna. Að mati umboðsmanns barna ætti meginreglan ávallt að

³ Páll Hreinsson. Stjórnsýsluréttur - Málsmeðferð. 2013.

vera sú að óheimilt sé að beita börn þvingunum í vistunarúrræðum. Ljóst er að kveða þyrfti á um undanþágur frá þeirri meginreglu þar sem í vistunarúrræðum geta komið upp aðstæður þar sem nauðsynlegt er að grípa til þvingunar. Þá skiptir grundvallarmáli að útfæra skýr skilyrði fyrir undanþágum frá banni við beitingu þvingana. Réttaröryggi barnanna væri betur tryggt með þessum hætti og þau réttindi sem varin eru af 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er mikilvægt að í lögum komi skýrt fram að ákvarðanir um beitingu þvingana skuli ávallt vera byggðar á því sem er viðkomandi barni fyrir bestu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans. Í núgildandi barnaverndarlögum eru undantekningar sem gerðar eru frá banni við beitingu þvingunar ekki settar skýrt fram og ákvæðið gefur mikið svigrúm til mats. Úr þessu þarf að bæta að mati umboðsmanns barna en það er ekki gert með fullnægjandi hætti í frumvarpi því sem hér um ræðir, sérstaklega hvað varðar líkamlega valdbeitingu og aðskilnað og vistun í öryggisrými.

Í 3. mgr. 49. gr. frumvarpsins kemur fram að þeir sem reki vistunarúrræði skv. b- til h-lið 1. mgr. 28. gr. skuli vinna markvisst að því að fyrirbyggja og draga úr beitingu þvingana gagnvart börnum sem þar dvelja. Að mati umboðsmanns barna þarf að útskýra nánar í greinargerð hvað átt er hér við.

Í 51. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á ferðafrelsi og samskiptum barns við aðra. Í 2. málsl. b-liðar kemur fram að óheimilt sé að takmarka eða hafa eftirlit með samskiptum barns við talsmann, lögmann, heilbrigðisstarfsmann, fulltrúa sendiráðs og prest eða sambærilega trú- eða lífsskoðunarfélags, barnaverndaryfirvöld og umboðsmann Alþingis. Hér ætti einnig að telja til umboðsmann barna enda ber umboðsmanni barna að hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista börn sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994.

Í 5. mgr. 56. gr. er lagt bann við því að vista barn í gluggalaus, þröngu eða ljóslausu rými. Í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð er ekki nánar skilgreint hvað telst þröngt rými en fram kemur að hér sé litið til norsku barnaverndarlaganna en samkvæmt þeim skuli gólfflötur rýmis ekki vera undir átta fermetrum að stærð. Að mati umboðsmanns barna þarf að skilgreina í greinargerð hvað átt er við með þröngu rými. Það má draga þá ályktun að miðað sé við að gólfflötur megi ekki vera undir átta fermetrum en það þarf að vera orðað með skýrari hætti, t.d. þannig að fram komi berum orðum að með þröngu rými sé átt við að gólfflötur rýmis sé ekki undir átta fermetrum.

Í 57. gr. frumvarpsins er fjallað um líkamlega valdbeitingu, þar kemur fram að ef barn viðhafi skaðlega eða ógnandi hegðun í vistunarúrræði skuli leita allra leiða til að draga úr spennuástandi, s.s. með því að ræða við barnið. Beri það ekki árangur eða vinnist ekki tími til geti starfsfólk vistunarúrræðis beitt barn líkamlegum tókum til að koma í veg fyrir að það skaði sjálft sig eða aðra eða valdi stórfelldu eignatjóni. Að mati umboðsmanns barna er hér veitt of almenn og matskennd heimild til valdbeitingar. Réttaröryggi barna væri betur tryggt ef í ákvæðinu væri kveðið á um að í neyðartilvikum sé heimilt að beita barn líkamlegum tókum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu á að barnið valdi sér eða öðrum alvarlegu líkamstjóni eða valdi stórfelldu eignartjóni.

Í 58. gr. frumvarpsins er fjallað um valdbærni og málsmeðferð ákvarðana um beitingu þvingunar. Að mati umboðsmanns barna er afar brýnt að í ákvæðinu komi skýrt fram að þegar ákvörðun sé tekin um beitingu þvingunar skuli byggja á mati á því sem viðkomandi barni er fyrir bestu.

Að mati umboðsmanns er mikilvægt að tryggja að allar heimildir til þvingunar séu skýrar, þröngt afmarkaðar og lúti ströngum skilyrðum, ekki síst í ljósi þess að fram hafa komið áhyggjur af því hversu vel öryggi barna er tryggt í vistunarúrræðum á vegum ríkisins. Að öllu þessu virtu leggur umboðsmaður barna til að ráðuneytið endurskoði VI. kafla frumvarpsins með tilliti til framangreindra athugasemda.

4. Vistunarúrræði og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga

Í nágildandi barnaverndarlögum er kveðið skýrt á um ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað varðar rekstur og aðgengi að þeim úrræðum sem barnaverndaryfirvöldum er skylt að hafa tiltæk. Í lögnum er gerður skýr greinarmunur á þeim úrræðum sem sveitarfélögum ber að hafa tiltæk, sbr. 84. gr. bvl. og þeim sem falla undir ábyrgð ríkisins, sbr. 79. gr. bvl. Er þar m.a. kveðið á um að ríkið beri ábyrgð á því að tiltæk séu úrræði til að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Með þessu fyrirkomulagi hefur löggjafinn tryggt að börn með flókinn og alvarlegan vanda eigi rétt á sérhæfðri þjónustu.

Umboðsmaður barna hefur ítrekað bent á að skortur á viðeigandi meðferðarúrræðum hafi leitt til þess að réttindi ákveðins hóps barna hafi ekki verið virt hér landi og gagnrýnt að börn með alvarlegan vanda fái ekki viðeigandi meðferð, enda geta barnaverndaryfirvöld ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu nema úrræði séu raunverulega til staðar.

Í 7. gr. nágildandi barnaverndarlaga er fjallað um hlutverk Barna- og fjölskyldustofu. Samkvæmt e-lið ákvæðisins fer stofnunin með yfirstjórn þeirra heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk samkvæmt XIII. kafla laganna og hefur jafnframt það hlutverk að hlutast til um að slík úrræði verði sett á fót. Þetta ákvæði endurspeglar skýra ábyrgð ríkisins á rekstri, uppbyggingu og aðgengi að sérhæfðum barnaverndarúrræðum, og felur jafnframt í sér ákveðna viðurkenningu af hálfu löggjafans að sú ábyrgð sé forsenda þess að byggt sé upp heildstætt og virkt meðferðarkerfi fyrir börn með alvarlegan vanda.

Í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er ljóst að hverfa á frá þessu fyrirkomulagi. Í f-lið 10. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um hlutverk Barna- og fjölskyldustofu, er kveðið á um að stofnunin fari með yfirstjórn vistunar- og stuðningsúrræða sem ríkinu er heimilt að hafa tiltæk samkvæmt 1. mgr. 27. gr. og b-, e- og f-lið 28. gr. frumvarpsins. Með þessari orðalagsbreytingu er dregið verulega úr ábyrgð ríkisins og þeirri skyldu sem áður var tryggt með lögum breytt í heimild. Umboðsmaður barna telur að slík breyting sé sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að meðferðarkerfi ríkisins hefur á undanförunum misserum verið harðlega gagnrýnt fyrir skort á úrræðum.

Telur umboðsmaður barna sérstaklega alvarlegt að í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar sé ætlunin að hverfa frá þeirri skýru skyldu sem hingað til hefur hvílt á ríkinu. Sú þróun sem birtist í frumvarpsdrögnum, þar sem dregið er úr lögbundinni ábyrgð ríkisins á uppbyggingu og rekstri sérhæfðra meðferðarúrræða, gengur þvert gegn þeirri gagnrýni sem embættið hefur sett fram á meðferðarkerfið. Í stað þess að bregðast við skorti á meðferðarþjónustu með skýrari lagaskyldu og aukinni ábyrgð ríkisins, virðist frumvarpið stefna í þá átt að veikja þann lagaramma sem tryggir að slík úrræði séu yfirhöfuð til staðar. Athygli vekur jafnframt að í greinargerð með frumvarpinu er hvergi ávarpað né fjallað um þessa breytingu og engin grein gerð fyrir því hvernig tryggja eigi að börn með alvarlegan og

sérhæfðan vanda fáa viðeigandi meðferð. Umboðsmaður barna telur að slíkur skortur á rökstuðningi samrýmist illa kröfum um vandaða lagasetningu, einkum þegar um er að ræða breytingar sem varða grundvallarþætti barnaverndarkerfisins og réttindi barna.

Með vísan til framangreinds telur umboðsmaður barna brýnt að barnaverndarlög kveði áfram skýrt á um skyldu ríkisins til að tryggja að sérhæfð meðferðarúrræði séu tiltæk fyrir börn sem glíma við alvarlegan vanda. Slík skylda er forsenda þess að hægt sé að bregðast við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið varðandi meðferðarkerfið og að barnaverndarkerfið þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vernda og styðja börn með raunhæfum og viðeigandi hætti.

5. Útivistartími, sbr. ákvæði 105. gr.

Í 105. gr. frumvarpsins er fjallað um útivistarreglur. Helstu breytingarnar eru þær að lagt er til að útivistartími barna á aldrinum 10 til 12 ára lengist um klukkutíma yfir vetrartímann. Í ákvæðinu kemur einnig fram að miðað sé við skólaár en ekki fæðingarár líkt og gert er í núgildandi lögum. Þar sem um er að ræða íþyngjandi reglur er sérstaklega mikilvægt að skýrt sé tekið fram hvaða reglur gildi fyrir hvaða aldur. Núgildandi ákvæði sem er að finna í 92. gr. barnaverndarlaga gildir um börn þar til þau komast á 16 aldursár, það er þess vegna ekki kveðið á um útivistartíma 16 til 18 ára barna í núgildandi lögum. Þar sem foreldrar fara með forsjá barna og bera ábyrgð á þeim til 18 ára aldurs er það í höndum þeirra að ákveða útivistartíma barna á aldrinum 16 til 18 ára. Af erindum sem umboðsmanni barna hafa borist er ljóst að ákvæðið þarf að vera skýrara þar sem borið hefur á því að ákvæðið sé túlkað með þeim hætti að það gildi út 16 aldursár barnsins.

Að mati umboðsmanns færi betur á því að fram kæmi að aldursmörk 105. gr. miðist við fæðingarár og gildi fram að 16 aldursári barns. Það er ánægjulegt að komið hafi verið til móts við skoðanir barna við útfærslu þessa ákvæðis, en á barnaþingi sem haldið var í nóvember 2025 komu sambærileg sjónarmið fram um lengri útivistartíma.

6. Reglugerðarheimildir

Umboðsmaður barna tekur undir það sem fram kemur í umsögnum Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Barnaverndar Reykjavíkur hvað varðar mikilvægi þess að settar verði nauðsynlegar reglugerðir sem lögin gera ráð fyrir, og að þær taki gildi á sama tíma og lögin. Verulega hefur skort þar á hingað til þar sem nauðsynlegar reglugerðarheimildir hafa ekki verið nýttar og núgildandi reglugerðir ekki verið uppfærðar í takt við breytt lagaumhverfi.

Þá telur umboðsmaður barna jafnframt fulla ástæðu til þess að ráðuneytið skoði hvort reglugerð um vistunarúrræði, sbr. heimild í 28. gr. frumvarpsins, ætti að kveða á um ákveðnar menntunar- og hæfniskröfur starfsfólks barnaverndarúrræða og þeirra einkareknu úrræða sem rekin eru á grundvelli þjónustusamninga við hið opinbera, svo að tryggja megi betur gæði þeirrar þjónustu sem veitt er á grundvelli laga um barnavernd.

7. Niðurlag

Að öllu framangreindu virtu telur umboðsmaður barna nauðsynlegt að frumvarpið verði endurskoðað og að gerðar verði þær breytingar sem hér hafa verið lagðar til áður en það verður lagt fram á Alþingi. Frumvarpsdrögin fela í sér veigamiklar breytingar á barnaverndarkerfinu sem að mati umboðsmanns þurfa að vera betur ígrundaðar og byggja á vandaðri greiningu og heildstæðu mati á áhrifum þeirra á réttindi, öryggi og velferð barna. Sérstök ástæða er til að endurskoða markmiðsákvæði laganna og VI. kafla frumvarpsins um réttindi og skyldur barna í vistunarúrræðu. Þá er brýnt að tryggja áfram skýra ábyrgð ríkisins á sérhæfðum úrræðum og halda í sértækar málsmeðferðarreglur í barnaverndarlögum. Slík endurskoðun er að mati umboðsmanns forsenda þess að lagasetningin verði vönduð og að ný lög endurspegli með skýrum hætti réttindi barna og þá viðkvæmu hagsmuni sem þar eru undir.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barn